



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Hr. Smári McCarthy
Hringbraut 53
107 Reykjavík

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 5. desember 2011
UTN11110155/04.X.004
JEE/jgv

Vísað er til erindis yðar, dags. 25. f.m., um aðgang að nánar tilteknum upplýsingum um öll diplómatísk vegabréf sem nú eru í gildi.

Umbeðnar upplýsingar eru varðveittar í skrá sem færð er á kerfisbundinn hátt í skipulagsbundna heild. Þessi skrá og vinnsla þeirra upplýsinga sem liggja henni til grundvallar er ekki tiltekið mál í skilningi 1. mgr. 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, heldur skrá í skilningi 3. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Af því leiðir að upplýsingalögin gilda ekki um aðgang að henni, sbr. 2. mgr. 2. gr. þeirra laga, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 83/2000, og 2. mgr. 3. gr. s.l.

Að þessu virtu verður aðgangur að umbeðinni skrá ekki veittur á grundvelli upplýsingalaga.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur áður fjallað um úrlausn ráðuneytisins um sams konar beiðni í úrskurði frá 16. nóvember 2005 í málinu nr. A-218/2005, sbr. eftirfarandi slóð: <http://ursk.forsaetisraduneyti.is/urskurdir/nr/2025>

Þessa afgreiðslu ráðuneytisins má engu að síður bera undir nefndina á ný innan 30 daga frá að hún er birt yður, sbr. 16. gr. upplýsingalaga.

F.h.r.